

Sigríður Kristinsdóttir
sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1
201 Kópavogi

Reykjavík, 18. ágúst 2026
Mál nr. F6/2026

Vísað er til fyrri samskipta í tilefni athugunar minnar á aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu á vegum sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Í svarbréfi sýslumanns til mín 9. júlí sl. sagði meðal annars um rampa, sem settir voru upp í þeim tilgangi að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra, að í ljós hefði komið að þeir hefðu ekki að öllu leyti uppfyllt ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Jafnframt kom fram að hvorki hefði orðið vart vandkvæða við aðgengi að kjörstaðnum né hefðu orðið óhöpp eða annars konar atvik sem rekja mætti til þessara atriða. Sýslumaður tók þó fram að embætti sýslumanns tæki ábendingunum, sem fram hefðu komið, alvarlega og myndi ráðast í nauðsynlegar úrbætur fyrir næstu kosningar. Yrði haft samband við ÖBÍ réttindasamtök við þá vinnu með það að markmiði að aðgengi að kjörstaðnum uppfyllti að fullu gildandi reglur og tæki sem best mið af þörfum allra kjósenda.

Með vísan til framangreinds og að því gættu að nú stendur yfir atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 29. ágúst nk. er þess óskað að sýslumaður veiti umboðsmanni upplýsingar um þá vinnu sem upplýst var um í fyrirnefndu svari 9. júlí sl. að ráðist yrði í fyrir atkvæðagreiðsluna nú. Nánar tiltekið er þess óskað að upplýst verði hvernig aðgengi fyrir hreyfihamlaða að kjörstaðnum sé háttað við yfirstandandi atkvæðagreiðslu, þar með talið með tilliti til rampa og rýmis á gangstétt fyrir framan kjörstaðinn, sbr. fyrra fyrirspurnarbréf mitt 15. maí sl. Er þess óskað að í svörum sýslumanns verði gerð grein fyrir því hvernig fyrirkomulag aðgengis samræmist kröfum í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Að teknu tilliti til þess að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar mun ekki standa í nema tæplega tvær vikur frá dagsetningu bréfsins er þess óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 24. ágúst nk.

Virðingarfyllst,

Kristín Benediktssdóttir